

Erfðavenjurnar tólf

1. Sameiginleg velferð okkar situr í fyrirrúmi. Bati hvers og eins er undir einingu OA-samtakanna kominn.
2. Í málum deilda er aðeins einn leiðtogi, kærleiksríkur Guð eins og hann birtist í samvisku hvers hóps. Forsvarsmenn okkar eru þjónar sem við treystum en ekki stjórnendur.
3. Til þess að gerast OA-félagi þarf aðeins eitt: Löngun til að hætta hömlulausu áti.
4. Sérhver OA-deild á að vera sjálfstæð nema í málum er varða aðrar deildir eða OA-samtökin í heild.
5. Sérhver deild hefur aðeins eitt meginmarkmið: Að flytja ofætum sem enn þjást boðskap samtakanna.
6. OA-deild ætti aldrei að ljá öðrum samtökum eða málstað nafn sitt, fjármagn eða fylgi svo lausafé, eignir eða upphafð fjarlægi okkur ekki upphaflegum tilgangi.
7. Sérhver OA-deild ætti að standa á eigin fótum og hafna utanaðkomandi fjárhagsaðstoð.
8. Félagar í OA-samtökunum eru ætíð einungis áhugamenn, en þjónustustöðvar okkar mega ráða launað starfsfólk.
9. OA-samtökin sem slík ætti aldrei að skipuleggja en við getum myndað þjónustunefndir og ráð sem eru ábyrg gagnvart þeim sem þau starfa fyrir.
10. OA-samtökin taka ekki afstöðu til annarra mála en sinna eigin. Nafni þeirra ætti því að halda utan við deilur og dægurþras.
11. Afstaða okkar út á við byggist fyrst og fremst á aðlöðun en ekki áróðri. Í fjölmiðlum ættum við alltaf að gæta nafnleyndar.
12. Nafnleyndin er andlegur grundvöllur allra erfðvenja okkar og minnir okkur á að setja málefni og markmið ofar eigin hag.